

Til þess er málið varðar.

Ég óska hér með eftir leyfi til að flytja vinnuskúr að horni við Réttarveg í Höfnum. Áætlað er að skúrin verði staðsettur vestan vegarins, gegnt gömlu fjárréttunum sem fyrirhugað er að endurhlaða sumarið 2026 í tengslum við verklegt grjóthleðslunámskeið.

Staðsetningin er valin með hliðsjón af nálægð við vinnusvæðið og þeim möguleika sem þar er til staðar til að tengja skúrin við skólþbrunn sem staðsettur er rétt bak við fyrirhugaða staðsetningu. Einnig vil ég benda á að nýlega var unnið að endurbótum á varnargarðinum á svæðinu, og við þá framkvæmd myndaðist stórt grófjafnað plan sem nýta má sem bílastæði fyrir þátttakendur í námskeiðinu.

Vonast er til að fá jákvætt viðmót til málsins og heimild til flutnings og tímabundinnar notkunar skúrsins á umræddum stað.

Með vinsemd og virðingu,
Sveinn Enok Jóhannsson



Vinnuskúrin er bárujárnsklæddur, málín eru 2,5m x 4m, mesta hæð er 2,5m. Einhalla þak.

Staðsetning á vinnuskúrnum er merkt með bláum hring.

Staðsetning frá kortasjá Reykjanesbæjar:


<https://www.map.is/reykjanesbaer/@319011,386299,z6.754505562733829,0>



Staðsetning réttar sem áætlað er að endurhlaða:




Kortasjá frá 1954 af fjárréttinni:



Mynd af túnakorti frá árinu 1918 en þar sést hólfun réttarinnar betur:

https://manntal.is/myndir/Tunakort/Gullbringusysla/Hafnahreppur/Vefmyndir/Hafnahreppur_002.jpg





Óskað er eftir leyfi til þess að setja vinnuskúrinn við þetta horn á Réttarvegi. Staðsetning er á mótí fjárréttinni sem farið verður í að endurgera á grjóthleðslunámskeiðum sumarið 2026. Með staðsetningu á skúrnum þarna verður möguleiki á að tengja hann við skólplögn sem er þarna rétt á bak við.



Skólplögnin SB-21610 er þarna rétt hjá og vonast er til þess að fá leyfi til þess að tengjast við hana.

Vinnuskúrinn verður festur niður á jarðvegsskrúfur sem mjög einfaldlega má taka upp eftir að notkun lýkur.



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Reykjavík 20. október 2025
MÍ202508-0005/ 6.10 / I.S.K.

<p>Minjavörður Reykjaness
Suðurgata 39 101 Reykjavík
(354) 570 13 00
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-
0280</p>

Efni: Endurhleðsla réttar við Réttarveg

Minjastofnun Íslands barst erindi frá Sveini Enoki Jóhanssyni varðandi fyrirhugaða endurhleðslu á grjóthlöðnum veggjum gamallar réttar við Réttarveg í Höfnum. Veggirnir yrðu endurhlaðnar sem hluti af endurhleðslunámskeiði sem farið hafa fram undir handleiðslu Kristínar Kelddal Skróðgarðyrkjumeistara. Grjóthleðslurnar sem um ræðir hafa verið skráðar og mældar upp í tengslum við fornleifaskráningu (Ragnheiður Gló Gylfadóttir ofl. *Strandminjar á Reykjanesi: Átaksverkefni í fornleifaskráningu strandminja frá Garðskagavita að Reykjanestá*. Fornleifastofnun Íslands ses. 2017). Eru þær þar skráðar sem matjurtagarður (GK-035:022) enda munu þær um tíma hafa verið nýttar sem slíkar. Á loftmynd frá 1954 má sjá að hleðslurnar eru uppistandandi og mynda rétt en hafa síðan hrunið. Minjastofnun fellst á endurhleðslu réttarinnar sé hún unninn undir handleiðslu reynds hleðslumeistara, með leyfi landeiganda og í samráði við Minjastofnun Íslands. Þurfi að fara í jarðrask vegna endurhleðslu þarf að fá fornleifafræðing til að hafa eftirlit með því.

**Inga Sóley
Kristjónudóttir**
Minjavörður Reykjaness
ingasoley@minjastofnun.is

Virðingarfyllst,

Inga Sóley Kristjónudóttir
Minjavörður Reykjaness